


TRYGGVAGATA 2020-2021



MEGINMARKMIÐ

Eitt af meginmarkmiðum Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 er að skapa *lífleg* og *fjölbreytileg* almenningsrými í borginni og aðlaðandi borgarbrag. Göturýmið gegnir þar lykilhlutverki en tilhöggun þess hefur áhrif á líf okkar, öryggi og líðan.

Uppbygging á miðlægum svæðum innan núverandi byggðar eru þar í forgangi og við endurhönnun gatna er horft til fjölpættis hlutverks götunnar. Nýlega samþykkt deiliskipulag fyrir Tryggvagötu sýnir fram á þessar áherslur aðalskipulagsins ásamt því að auka gæði umhverfisins til muna.





Geirsgata

Tryggvagata

Grofin

Grofin

Naustín

innakstur

Tryggvagata

Naustín

Steinbryggja

Verkafangar
2017-2019
Tryggvagata /
Bæjartorg /
Steinbryggja

Bæjartorg

Pósthusstræti

Hafnarstræti

INGÓLFSTORG


HVENÆR?

Endurgera á Tryggvagötu frá Pósthússtræti að Naustum og Naustin norðanmegin árið 2020 og verður seinni hlutinn, Naustin að Grófinni endurgerður árið 2021. Hönnun gerir ráð fyrir vönduðu yfirborði og fallegum trjágróðri. *Listaverk Gerðar Helgadóttur* á Tollhúsinu fær þann sess sem það á skilið.



TORGID & LISTAVERKIÐ

Listaverkið verður lýst upp og fær nú efniviðurinn, *milljónir mósaíksteina* að njóta sín betur en áður. Undir listaverkinu verður torg sem liggur einstaklega vel við sólu. Torgið verður dvalarsvæði fyrir vegfarendur. Á torginu verða einnig litlir þokuúðar sem bjóða upp á leik og veita svæðinu ákveðna dulúð.



FRAMKVÆMDIN

- 🚲 Allt yfirborð gatna endurnýjað
- 🚲 Vatns- og fráveitulagnir endurnýjaðar ásamt rafveitu
- 🚲 Gönguleiðir hellulagðar
- 🚲 Gatnamót upphækkuð og steinlögð
- 🚲 Snjóbræðsla í gönguleiðir, torg og upphækkuð gatnamót
- 🚲 *Sólríkt* torg
- 🚲 Blágrænar ofanvatnslausnir notaðar að hluta
- 🚲 Hjólabogar á svæðinu
- 🚲 Sér stæði fyrir hreyfihamlaða og vörulosun
- 🚲 Gatan verður einstefna til vesturs



TOLLHÚSIÐ

Steinbryggja

